



SIGLINGASTOFNUN

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/1012*  
*komudagur 20. 2. 2004*

Alþingi  
Umhverfisnefnd  
Við Austurvöll  
150 Reykjavík

Kópavogi, 18.02.2004

Tilv. 023

SÁG

**Varðar: Umsögn um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2004-2008.**

Siglingastofnun hefur móttengið bréf Umhverfisnefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008, 477. mál.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu fjórtán svæða á landinu til að stuðla að traustari vernd íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Jafnframt verði á tímabilinu unnið áfram að stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs. Nokkur þeirra svæða sem fyrirhugað er að friðlýsa eru strandsvæði.

Í tillögunni er lagt til að fjara og grunnsævi við Álftanes og Skerjafjörð verði friðuð sem búsvæði fugla með sérstakri áherslu á farfugla og vaðfugla. Á þessu svæði hefur víða verið unnið að sjóvörnum og má búast við að þurfi að halda því áfram í framtíðinni. Kópavogshöfn er innan svæðisins og smábátahöfn á Seltjarnarnesi. Siglingastofnun fer fram á að friðlýsingin hindri ekki áframhaldandi uppbyggingu sjóvarna, auk starfsemi og uppbyggingar Kópavogshafnar og smábátahafnar á Seltjarnarnesi.

Í Örlygshöfn sem er á svæðinu Látrabjarg - Rauðasandur var fyrir nokkrum árum unnið að hafnargerð. Í tillögunni er lagt til að svæðið verði verndað sem friðland eða þjóðgarður með sérstakri áherslu á sjófuglabyggðir og fjörusvæði. Í Vestmannaeyjum er stór höfn, auk þess sem unnið hefur verið að sjóvörnum á Eiðinu, sem liggur upp að Heimakletti. Lagt er til að svæðið verði verndað sem búsvæði sjófugla. Í Borgarfirði eystra eru hafnarmannvirki á tveimur stöðum, fyrir nokkrum áratugum var hafin bygging bátahafnar út við Hafnarhólma, en eldri mannvirki eru inn við Bakkagerði. Lagt er til að svæðið verði verndað á grundvelli gróðurfars, fjölda sjaldgæfra tegunda plantna, auk jarðfræði svæðisins og gildis þess fyrir útivist og ferðaþjónustu. Siglingastofnun fer fram á að friðlýsingin hindri hvorki uppbyggingu sjóvarna né starfsemi og uppbyggingu hafna á ofangreindum svæðum.



## SIGLINGASTOFNUN

Á svæðinu Reykjanes - Eldvörp - Hafnarberg vann Siglingastofnun fyrir nokkrum árum tillögur að hafnaraðstöðu í Kalmanstjarnarvík norðan við Hafnarbergið fyrir magnesíumverksmiðju. Lagt er til að vernda svæðið á grundvelli jarðfræði og eldvirkni. Siglingastofnun fer fram á að ekki verði útilokuð hafnargerð í Kalmanstjarnarvík í tengslum við nýtingu jarðhitasvæðisins á Reykjanesi.

Virðingarfyllst  
f.h. Siglingastofnunar Íslands

Virðingarfyllst  
f.h. Siglingastofnunnar Íslands

Hermann Guðjónsson  
Siglingamálastjóri

Sigurður Áss Grétarsson  
Forstöðumaður Hafnasviðs